



Fréttabréf Rangárbæingur eystri

Maí 2022



Nemendur í 4. bekk Hvolsskóla í sumarstuði



Kæru íbúar

Nú eru vorverkin í algleymi og veðrið leikur við okkur, enda sumarið komið. Skólar eru að uppskera vetrarvinnuna, vorfagnaðir, tónleikar, íþróttaviðburðir og alls kyns uppákomur gefa lífinu lit svo Rangárbæingur eystri íðar af mannlífi. Sveitarfélagið fær líka andlitslyftingu og er búið að fara víða um að hreins rusl, en sú vinna á eftir að fara að fullu í gang um leið og starfsmenn vinnuskólans taka til starfa.

Pistill sveitarstjóra

Nú þegar er búið að hreinsa götur í þéttbýlinu og starfsmenn áhaldahúss eru um þessar mundir að merkja götur, bílastæði og gangbrautir fyrir sumarið. Einnig er vinna við að endurnýja umferðarskilti hafin í samræmi við þær hraðalækkandi aðgerðir sem samþykktar hafa verið í íbúagötum á Hvolsvelli Eitt af vorverkum sveitarstjórnar er að samþykkja ársreikning síðasta árs. Sveitarsjóður hefur undanfarin tvö ár þurft að takast á við miklar áskoranir í rekstri. Mikil óvissa hefur ríkt um útsvarstekjur sveitarfélagsins á sama tíma og laun, sem er langstærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins, hefur hækkað umtalsvert vegna kjarasamningsbundinna hækkanna. Fjárhagur sveitarfélagsins byggir á traustum grunni og með samtakamætti hefur sveitarstjórn og starfsmönnum sveitarfélagsins tekist að komast í gegnum þessa krefjandi tíma.

Niðurstaða ársreiknings ársins 2021, sem nú liggur fyrir, sýnir glögglega að réttar ákvarðanir hafa verið teknar til að mæta þessum áskorunum. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 59,8 milljónir króna. Skuldahlutfall A og B hluta í árslok 2021 var 53,8%. Skuldaviðmið var 24,1%, sem er langt frá því 150% hámarki sem viðmiðunarreglur samkvæmt reglugerð um fjárhagslegt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir til um. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var gert ráð fyrir lánstöðu á árinu 2021, sem átti að fjármagna fjárfestingar ársins. Vegna sérstaklega góðrar afkomu var því unnt að fjármagna hönnun, útboð og jarðvinnu við nýjan leikskóla með eigin fé. Það er þessi trausti fjárhagur sem er okkur svo mikilvægur og gerir okkur kleift að ráðast í jafn umfangsmikil verkefni og bygging nýs leikskóla kemur til með að vera.

Betur má ef duga skal til að tryggja enn betur rekstur sveitarfélagsins til frambúðar.

Stundur nú yfir úttekt á fjárhag sveitarfélagsins frá óháðum ráðgjafa. Að þeirri úttekt lokinni verður unnt að meta tækifæri til áframhaldandi árangurs í rekstri sveitarfélagsins og gera áætlanir til framtíðar, með bættu þjónustu við íbúa að leiðarljósi og áframhaldandi metnaðarfulla uppbyggingu.

En auk leikskóla sem þegar hefur verið minnst á er nú verið að hefjast handa við gatnagerð annars hluta í Hallgerðartúni á næstu dögum. Það er ljóst miðað við þá ásókn sem hefur verið í lóðir að það verður mikið umleikis í Hallgerðartúni í sumar, bæðu við gatnagerð og byggingu íbúðarhúsnæðis. Það er gaman að horfa á samfélagið sitt á jafn blómlegum tíma og nú er raunin.

Að þessu sögðu óska ég íbúum öllum gleðilegs sumars og þakka fyrir mitt tækifæri til góðra verka í þjónustu og samstarfi við íbúa og starfsmenn sveitarfélagsins á því kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Lilja Einarsdóttir
Sveitarstjóri

Fyrstu íbúarnir fluttir í Hallgerðartún

Nýjasta gatan á Hvolsvelli, Hallgerðartún, er nú að byggjast upp og má nú sjá þar grunna og byggingar á ýmsum stigum. Fyrstu íbúarnir eru meira að segja fluttir inn en þau Bianca Gruener og Jón Bertel Jónsson ásamt Marsibil Silju, dóttur sinni, búa nú í Hallgerðartúni 19. Þau Bianca og Jón Bertel hafa búið á Hvolsvelli í 15 ár en Marsibil dóttir þeirra er 7 ára og nemi í 1. bekk í Hvolsskóla. Spurð út í hvað þeim þætti best við að búa í sveitarfélaginu þá svöruðu þau að nálægðin við náttúruna og hversu lítið en gott samfélagið væri mjög jákvætt. Þau hjón eru bjartsýn fyrir framtíðinni í sveitarfélaginu, sjá fyrir sér að með fjölgun íbúa skapist fleiri störf og þá verði líka til fjölbreyttari afþreying fyrir börn og unglinga á svæðinu. Fjölskyldan er mjög ánægð að hafa byggt hús á þessum flotta stað og hlakka til að sjá götuna byggjast upp í kringum þau.

Í tilefni af þessum merku tímamótum færði Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri, fjölskyldunni tré frá Garðabjónustu Gylfa. Því miður voru mæðgurnar Bianca og Marsibil ekki heima en Jón Bertel tók við trjánum og skjali frá sveitarfélaginu.



Byggt á Hvolsvelli



Rangárþing eystra

Austurvegur 4
860 Hvolsvöllur
Sími: 488 4200

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir
Ábyrgð: Lilja Einarsdóttir

**Opnunartími
á skrifstofu
Rangárþings eystra**

Mán - Fim
09:00 - 16:00
Föstudagar
09:00 - 13:00

Héraðsbókasafn Rangæinga - Bókasafnið okkar allra



Bókaverðlaun Barnanna
Þáttökuverðlaun
Emilía Sif, Súsanna Sóley og Unnur
Kristín en nöfn þeirra voru dregnar úr
hattinum. Til hamingju stelpur og takk
fyrir þáttökuna ☺

Það er nóg um að vera á bókasafninu okkar allra. Rithöfundurinn Harpa Rún kom í heimsókn í bókaklúbbinn Skruddur í apríl og ræddi bókina sína „Kynslóð“ við klúbbfélaga. Í maí kom svo Ása Marín í klúbbinn til að ræða bókina sína „Yfir hálfan hnöttinn“ auk þess sem rithöfundarnir Fanney Hrund og Eva Rún komu og lásu fyrir nemendur í Hvolsskóla.



Ása Marín heimsækir Skruddur

Kaffiboðin á mánudögum verða í boði út maí en í mars og apríl erum við m.a. búin að kíkja í gömul blöð sem varðveitt eru á safninu og horfa á DVD myndina „Brot af sögu Laugalands í máli og myndum“ sem Olgeir Engilbertsson gaf safninu. Í tilefni af jarðvangsvikunni sýndum við DVD myndina „Fjallaferðir á Landmannaafreitt“ sem kvikmyndaðar voru á árunum 1976-78.

Leikskólakrakkarnir hafa verið duglegir að kíkja á safnið á miðvikudögum og átt notalega stund með foreldrum sínum fyrir átökin í íþróttaskólanum. Magga okkar hefur stundum lesið fyrir krakkana og er það alltaf jafn vinsælt enda fátt notalegra en sögustund á safninu.

Í apríl fengum við 2 nemendur úr Hvolsskóla í starfskynningu á safnið en þær Þorgerður Rán og Sjöfn Lovísa fengu að kynna hinum ýmsu störfum á safninu og stóðu sig með miklum sóma. Nú í maí erum við Ljósaseríulestur fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hvolsskóla. Krakkarnir sem taka þátt fá ljósaperu fyrir hverja Ljósaseríubók sem þau lesa og er stefnan tekin á að setja ljósaseríumiða hringin í kringum barnadeildina fyrir skólaslitin í júní. Við verðum svo auðvitað með sumarlestrarátak fyrir öll börn á safninu í júní og júlí eins og undanfarin ár sem líkur með flottri uppskeruhátíð fyrir lestrarhesta föstudaginn 26. ágúst í upphafi Kjötsúpuhátíðarinnar á Hvolsvelli.

Þann 1. júní breytist opnunartími safnsins svo yfir í sumaropnunartíma en þá verður opið á mánudögum kl. 15.00 - 20.00 og þriðjudaga - fimmtudaga kl. 15.- 18.00 en lokað á föstudögum.

Verið velkomin á bókasafnið okkar allra.

Bestu kveðjur
Elísa Elíasdóttir
Forstöðumaður



Umgengni til fyrirmyndar á nýju svæði fyrir garðaúrgang

Búið er að útbúa nýtt svæði fyrir garðaúrgang norðan við Hvolsvöll en þar er hægt að fara með allan náttúrulegan úrgang sem tilfellur þegar verið er að taka til í garðinum á þetta svæði. Leiðin að svæðinu liggur í gegnum Hallgerðartún eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Nú hefur svæðið verið opið í nokkrar vikur og hefur öll umgengni verið til fyrirmyndar og þakkar sveitarfélagið kærlega fyrir það.

Áfram er mikilvægt að passa upp á að það fari aðeins garðaúrgangur á þetta svæði og ekki annar úrgangur með eins og t.d. plast, pappi og þ.h. Einnig á steypa, járn og annar grófúrgangur ekki heima í þessu svæði heldur aðeins á Strönd.



Hvatning til íbúa - hjálpumst að við að halda nærumhverfinu hreinu -

Með hækkandi sól og betra veðri þá fer fólk að huga að gördum sínum og landareignum sem og hreinsa til eftir veturinn. Rangárþing eystra hefur lagt metnað sinn í að umhverfið í þétt- og dreifbýlinu sé til fyrirmyndar og hafa starfsmenn áhaldahússins sem og íbúar staðið sig með mikilli þryði í því að vinna sameiginlega að því. Sveitarfélagið hvetur íbúa í þéttbýli til að huga vel að gördum sínum og t.d. klippa tré og runna sem slúttu yfir gangstéttar og yfir á lóðir nággranna. Í dreifbýlinu eru íbúar hvattir til að hreinsa t.d. af girðingum og úr skurðum, sérstaklega meðfram vegum. Það má líka taka sig til og virkja alla fjölskylduna saman í að fara út og plokka og njóta þar með samveru og útivistar.

Fréttir frá leikskólanum Ör

Nú er strembinn vetur að líða og sólin farin að hækka á lofti og gleðjast bæði börn og starfsfólk yfir því.

Eins og flestir vita höfum við starfað í tveimur bráðabirgðahúsnæðum þar til nýja leikskólabyggingin er klár. Því erum við á þremur starfsstöðvum hér á Hvolsvelli tímabundið. Það að vera í bráðabirgðahúsnæði sem er ekki hannað sem leikskólabyggingar hefur krafist útsjónarsemi starfsfólks við að skipuleggja daglegt starf og þá þarf að huga að mörgu. Í Hvolnum höfum við til afnota Pálsstofu og litla sal sem nýttist sem deildin Ævintýraland en einnig notum við kaffisenuna fyrir starfsfólk þ.e. kaffistofa og undirbúningsherbergi ásamt því að nýta sem fundarrými. Í félagsmiðstöðinni erum við með deildina Tónaland og þar er búið að breyta og bæta húsnæðið með því að setja hljóðeinangrandi parket á gólf og hólfa stóra rýmið aðeins niður til að auðveldara sé að skipta upp barnahópnum. Á leikskólasvæðinu eru svo þrjár deildar staðsettar með sameiginlegt útisvæði.



Leikskólinn í Tunguskógi

Þau börn sem voru slök í félagsfærni gátu ekki setið í rólunni alla útiveruna og verið ein heldur þurftu þau að eiga samskipti við jafnaldra sína. Við höfum séð mikinn mun á leikfærni og samskiptafærni barnanna og þau þurfa ekki stór og mikil leiktæki til að gleyma sér í t.d. dúkkó, bíló, byssó eða öðrum leikjum og það er enginn skilinn útundan heldur fá öll börn hlutverk í þeim leik sem leikinn er hverju sinni. Aftur á móti finnst börnunum á Ævintýra og Tónalandi ekki leiðinlegt að kíkja á „gömlu“ leikskólalóðina og hafa kennarar verið duglegir að kíkja með börnin þangað þegar veður og aðstæður leyfa. Við viljum viðhalda sköpunargleði barnanna í leik og daglegu starfi leikskólans.

Við erum rík af fjölbreyttum starfsmannahópi og er hátt menntunarstig hér í leikskólanum. Það að hafa fjölbreyttan hóp starfsfólks sem lætur sér annt um kennslu og ummönun barnanna er ekki sjálfgefið og teljum við okkur mjög rík af því að hafa þennan flotta starfsmannahóp sem stendur vaktina. Starfsmenn hafa verið duglegir og lausnamiðaðir í nýjum aðstæðum og hefur útikennsla aukist heilmikið ásamt því að við erum að innleiða þróunarverkfnið okkar. Þar er unnið með sjálfræði barna ásamt því að ramma inn ýmsar stundir dagsins þannig að börnin viti hvernig stundir dagsins eru unnar. Við munum halda áfram með þessa innleiðingu næsta vetur. Sjá má afrakstur þróunarverkefnis í handbókinni um snemmtæka íhlutun í máli og læsi á heimasíðu leikskólans.

Við erum stolt af skólastarfinu og það hefur heilt yfir gengið vel þrátt fyrir covid tímuna.

Sólbjört S. Gestsdóttir, leikskólastjóri.



Ársreikningur Rangárbæings eystra 2021

Á 296. fundu sveitarstjórnar þann 28. apríl síðastliðinn var lagður fram ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2021.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 59,8 m.kr. en niðurstaða A hluta var neikvæð um 15,9 m.kr. Eigið fé í árslok 2021 nam 2.375 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta og 2.325 m.kr. fyrir A hluta. Veltufé frá rekstri A og B hluta var 229 m.kr. en 155 m.kr. í A hluta. Veltufjárhlutfall var 1,5 í A og B hluta og 1,20 í A hluta. Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 1.245 m.kr. í árslok 2021 en 1.220 m.kr. í A hluta. Skuldahlutfall A og B hluta í árslok 2021 var 53,8% og skuldaviðmið 24,1% sem er langt frá 150% hámarki viðmiðunarreglna samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundinum: *Sveitarstjórn fagnar þeirri góðu niðurstöðu sem ársreikningur sveitarfélagsins sýnir. Ljóst er að jafnvægi hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins eftir krefjandi tíma. Ársreikningurinn sýnir að fjárhagur sveitarfélagsins byggir á sterkum grunni. Þessi grunnur er einmitt það sem gerir sveitarfélaginu kleift að ráðast í þær miklu framkvæmdir sem framundan eru í sveitarfélaginu.*

Síðasti fundur fráfarandi sveitarstjórnar



F.v. Guri Hilstad Ólason, Rafn Bergsson, Lilja Einarsdóttir, Guðmundur Viðarsson, Elín Friða Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson og Christiane L. Bahner

Fimmtudaginn 12. maí var haldinn 297. fundur sveitarstjórnar Rangárbæings eystra sem jafnframt var síðasti fundur fráfarandi sveitarstjórnar. Sveitarstjórninni eru þökkud vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins á erfiðum tímum heimsfaraldurs.

Vorhátíð Hvolsskóla

Þann 28. apríl sl. var haldin glæsileg vorhátíð í Hvolsskóla. Það ríkti mikil eftirvænting hjá nemendum og ekki síst foreldrum þar sem ekki hefur verið hægt að halda vorhátíð síðustu tvö ár. Dagskráin hófst í íþróttamiðstöðinni þar sem Birna Sigurðardóttir, skólastjóri, byrjaði á stuttu ávarpi. Margrét Guðjónsdóttir, skólabókavörður, dró þrjá heppna nemendur út sem tóku þátt í Bókaverðlaunum barnanna. Þær Emilía Sif, Súsanna Sóley og Unnur Kristín voru þær heppnu og fengu þær bókina Umhverfið eftir Sævar Helga Bragason. Nemendur í 1. - 4. bekk stigu svo á svið og sungu nokkur lög undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur. Innlifunin og útgeislunin var dásamleg.



Nú var komið að því að nemendur allra bekkja sýndu afrakstur danskennslu sem þau höfðu fengið síðustu misseri hjá Jóni Pétri frá Dansskóla Jóns Péturs. Bæði var um hefðbundna og klassíska barnadansa sem og fjöruga og nútímalegri dansa. Eftir að allir bekkir höfðu sýnt listir sínar voru foreldrar dregnir með í dansinn og mátti sjá frábær tilþrif í fugladansi og hliðar saman hliðar. Foreldrafélag Hvolsskóla seldi svo vöflur og grillaðar pylsur sem vöktu mikla ánægju og þá mátti einnig ganga um skólann og skoða verkefni vetrarstarfsins á hverju stigi.



Hnappur fyrir ábendingar og/eða fyrirspurnir á www.hvolsvollur.is

Á heimasíðu Rangárpings eystra má finna eyðublað þar sem íbúar og aðrir geta komið sínum ábendingum og fyrirspurnum til sveitarfélagsins. Hnappurinn er staðsettur vinstra megin á heimasíðunni, smellt er á Senda ábendingu/fyrirspurn og þar til gert eyðublað fyllt út.

KOMDU MED → VISITHVOLSVÖLLUR.IS

Opnunartími Mánudag - fimmtudag kl. 09-12 og kl. 13-16 Föstudag kl. 09-13 Sími: 488 4200 Senda ábendingu / fyrirspurn	 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL	 KORTA- OG TEIKNINGAVEFUR	 SORPHIRÐA
	 FUNDARGERÐIR	 BÚKOLLA	 VELKOMIN Í RANGÁRPING EYSTRA?

Upplýsingar um COVID-19 vírusinn →

Sorpmál 21. aldarinnar

Alþingi hefur samþykkt ný lög nr. 103/2021, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs og lög um úrvinnslugjald. Megin tilgangur laganna er að innleiða hringrásarhagkerfi og slíta þannig tengslin á milli hagvaxtar og myndunar úrgangs.

Lögin koma til með að taka gildi 1. janúar næstkomandi. Sorphirða og sorpeyðing heimila í landinu er á höndum sveitarfélaganna. Það liggur því ljóst fyrir að öll sveitarfélög þurfa að endurskoða þau stjórnæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs, svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs, samþykktir um meðhöndlun úrgangs og gjaldskrár fyrir úrgangsmeðhöndlun.



Þær breytingar sem munu fylgja í kjölfar innleiðingar þessara nýju laga eru meðal annars þær að sveitarfélög á landinu öllu munu samræma í hvaða flokka sorp er flokkað. Lögin hafa einnig í för með sér miklar breytingar á innheimtu fyrir sorpþjónustu. Frá og með 1.1.2023 þá skulu sveitarfélög innheimta sorpeyðingar og sorphirðugjöld sem næst raunkostnaði niður á hvern aðila og fast gjald skal takmarkast við 50% af heildar innheimtu. Þessi aðferðarfærði kallast „borgað þegar hent er“ sem þýðir að kostnaður íbúa og fyrirtækja mun taka mið af magni, gerð, losunartíðni, frágangi úrgangs og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélögum verður ekki lengur heimilt að niðurgreiða sorpþjónustu til íbúa, líkt og gert er í nær öllum sveitarfélögum landsins í dag. Á 293. fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra var samþykkt að taka þátt í verkefni Samband íslenskra sveitarfélaga „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ sem byggist upp á þremur þáttum. Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku; Kaup í anda hringrásarhagkerfisins - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga; Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað. Nú þegar hefur Rangárþing eystra stigið skref í átt að nýju lögunum, m.a. með nýsamþykktri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, stórauðinni flokkun úrgangs og uppbyggingu móttökustöðvar á Strönd og gjaldsskrá sem býður íbúum upp á að greiða mishátt verð fyrir auka flát við heimili, eftir eðli og innihaldi ílátanna.



Fyrirhugað svæði fyrir matarvagna

Viðtalstími Skipulags-
og byggingarfulltrúa er:

Mánudagar 13 – 15

Miðvikudagar 13 – 15

Sími: 488 4200


Netfang:
bygg@hvolsvollur.is




Eyðublöð fyrir stöðuleyfi á svæðinu má sækja um á svæði skipulags-
og byggingarfulltrúa á www.hvolsvollur.is undir eyðublöð.

Matarhallir og matarvagnar hafa verið mjög vinsælir um allt land og hér í sveitarfélaginu hafa matarvagnar blómstrað þar sem þeir hafa verið settir upp. Eftir að nokkrir aðilar sóttu um stöðuleyfi fyrir matarvagna fyrir sumarið þá kom upp sú hugmynd að útbúa sérstakt svæði fyrir vagna á Hvalsvellum. Svæðið er við Austurveg, við veginn á leið að tjaldsvæðinu og því á opnum og góðum stað sem auðvelt er að komast að.

Þær Guðrún Björk Benediktsdóttir, umhverfisstjóri, og Þóra Björg Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa, hafa unnið að því að útfæra þessa hugmynd og eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þá er gert ráð fyrir 9 vögnum. Sveitarfélagið mun koma fyrir heyrúllum, bekkjum og fleiru til að gera svæðið skemmtilegt. Aðilum sem fá stöðuleyfi á vagnsvæðinu er svo í sjálfsvald sett hvernig þeir búa svæðin í kringum sína vagna.



Svæði fyrir matarvagna við



Stafræn stemning

Um þessar mundir dynja á fréttir og fróðleikur um stafrænt þetta og hitt. Fyrir hinn almenna íbúa er oft erfitt að átta sig á hvað það merkir í raun og veru. Oft eru nefndar til sögunnar gríðarlegar fjárhæðir í sömu andrá og stafræn vegferð og því eru margir sem halda að stafræn vegferð hljóti að vera flókin og fjárfrek. Það er samt ekki raunin. Stafræn vegferð getur falið í sér mikla fjárhagslega hagræðingu.

Ef við byrjum aðeins á byrjuninni og skoðum hvað felst í að fara í stafræna vegferð, þá snýst það einfaldlega um að nýta tæknina sem er til staðar, til að gera fólki kleift að afgreiða sig að mestu leyti sjálft í gegnum vefinn og snjalllausnir. Með því sparast tími, spor og umstang við að þurfa að fara á staðinn. Við getum séð dæmi um þetta núna með undirskriftum á lánnum í bönkum, rafrænum samskiptum við heilsugæsluna og í mörgu öðru í samfélaginu okkar sem byggir á sjálfsagreiðsluleiðum. Við þekkjum alveg þessar stafrænu lausnir sem eru komnar í okkar nánasta umhverfi og finnst gott að geta nýtt okkur þær. Við finnum líka hvað við verðum kröfuharðir neytendur um leið og við komumst upp á lagið með þessar rafrænu þjónustur. Okkur finnst erfitt að þurfa að koma í bankaútibúið núna þegar við erum búin að venjast því að afgreiða okkur sjálf í gegnum netið/appið. Við verðum óþolinmód ef við lendum í að vera númer 15 í röðinni í þjónustuspjalli á Heilsuveru af því að við erum orðin vön því að þjónustan sé til staðar um leið og við þurfum á henni að halda.

Ef við lítum okkur aðeins nær og skoðum hvernig stafrænar leiðir nýtast okkur í sveitarfélögum og nærsamfélaginu, þá eru nú þegar komnar ýmsar lausnir til að létta íbúum lífið og færa þjónustuna inn í stafrænt umhverfi. Nú þegar eru tilbúnar skönnunarlausnir fyrir sorpvinnslu, bókasöfn, sundlaugakort, íbúagáttir þar sem allir reikningar og upplýsingar varðandi íbúana eru sýnilegar og svo mætti lengi telja. Þessum lausnum fer stöðugt fjölgandi með hverjum mánuðinum. Það sannar fyrir okkur að tæknin og lausnirnar eru til staðar. En hvað þarf þá til að gera hvert og eitt sveitarfélag verði meira stafrænt og nýti sér þessar lausnir? Fyrsta atriðið og það mikilvægasta er að íbúar og stjórnendur sveitarfélagsins, jafnt sem stjórnendur fyrirtækja og stofnana, séu tilbúnir að fara út í breytingar, bæði á verklagi og á þjónustunni. Í grunninn er stafræn vegferð breytingaferli, ekki tæknibylting eins og margir halda.

Og til að breytingar geti átt sér stað þarf jarðvegurinn að vera tilbúinn í breytingar. Stjórnendur þurfa að hafa viljann til að breyta og starfsmenn og íbúarnir þurfa líka að vera tilbúnir í breytingarnar. Allir þurfa að sjá ávinninginn af breytingunum sem þarf að gera til að vel til takist. Breytingar breytinganna vegna skila yfirleitt aldrei árangri. Þegar lagt er af stað í stafræna vegferð er oftast best að skoða hvernig hlutirnir eru gerðir í dag, og svo að einblína á hvernig viljum við hafa þá. Leiðin þarna á milli þarf ekki að vera löng né flókin. Stundum geta einfaldir verkferlar gjörbreytt hlutunum. Stundum þarf að reikna út kostnað, tímasparnað eða sjá augljósan ávinning til að fá hópinn með sér í breytingar.

Ég hef oft notað dæmið um svart hvíta sjónvarpið þegar talað er um breytingar og af hverju við gerum þær. Þegar ég var að alast upp og allir áttu svart hvítt sjónvarp, hefðum við aldrei farið að biðja um eitthvað meira. Það nægði okkur því við gátum séð á skjáinn og fylgst með Húsinu á Sléttunni. En um leið og við fórum að sjá litasjónvörp og hvernig heimurinn var gjörbreyttur í þeirri mynd, þá vantaði alla litasjónvarp og sjónvarpsþörfin fór á flug. Það sama gerist svolítið núna í stafrænu vegferðinni. Um leið og við kynnumst þessum nýju stafrænu lausnum hugsum við með okkur af hverju í ósköpunum var ekki búið að breyta þessu fyrr. Einn lykilmátturinn í velgengi stafrænna breytinga er formleg innleiðing. Hún er gerð með ýmsum hætti eins og fræðslu, kennslu og upplýsa hvernig á gera nýju hlutina þ.e. í hverju breytingin felst og hver sé ávinningurinn. Notendur eru yfirleitt mjög tilbúnir í breytingar ef þeir sjá að afraksturinn gerir þeim lífið auðveldara með einhverjum hætti. Því miður hefur íslenska leiðin verið svolítið í gegnum árin að skella fram breytingum, oft óþrófuðum og þá lenda notendur í að rekast á vegg. Bæði að þurfa að kljást við að gera eitthvað öðruvísi en þeir þekkja án allra leiðbeininga, og hugsanlega er villa til staðar og því kemst notandinn ekkert áfram í að reyna að fá tiltekna þjónustu eða úrlausn sinna mála. Að sjálfsögðu verður hann þá neikvæður í garð lausnarinnar og sér engan ávinning.



Ný heimasíða Stafræns Suðurlands er:

<https://www.stafrantsu.durland.is/is>

Þessu hugarfari þarf að breyta og vanda til verka þegar unnið er að breytingum þannig að þjónustan og nýjar lausnir sé fullprófaðar, tilbúnar og kynningarefni til staðar. Við sem samfélag erum á hraðri stafrænni vegferð hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þess vegna er svo mikilvægt að allir séu meðvitaðir um hvaða breytingar séu í gangi, tileinki sér þær, reyni að sjá hverju þær skila, komi með tillögur og hugmyndir að því hvað mætti betur fara. Oft getur ein lítil ábending um breytt verklag eða feril orðið til mikilla þæginda fyrir alla. Margar að bestu lausnunum stafrænu lausnunum sem þegar eru búið að hanna hafa orðið til vegna hugmynda og ábendinga frá notendum.

Hægt er að senda inn ábendingar um hvað má betur fara með ýmsum hætti. Það má senda inn ábendingu hér í gegnum þennan vef. Sömuleiðis er hægt að senda inn ábendingar á vefum og Facebook síðum verkefnsins og hvers hvers sveitarfélags. Og að sjálfsögðu er líka hægt að hringja inn á skrifstofur sveitarfélaganna.

Við erum öll saman í þessari stafrænu vegferð - njótum hennar saman og lærum hvert af öðru.



Margrét V. Helgadóttir
Verkefnastjóri Stafrænt Suðurland

Fréttir frá Kirkjuhvoli

Fimmtudaginn 28. apríl sl. komu kórfélagar úr Karlakór Rangæinga ásamt félögum úr Samkórnum og sungu nokkur vel valin lög fyrir heimilismenn og starfsfólk. Góður rómur var gerður að enda alltaf gaman þegar tónlistin hljómar um heimilið. Tónarnir héldu áfram nokkrum dögum síðar þegar félagar úr sönghópnum Marteinn komu og héldu tónleika í garðinum í glampandi sól og blíðu. Hópurinn samanstendur af kórmeðlimum úr gamla Dómkórnum í Reykjavík sem starfaði í Dómkirkjunni frá upphafi Dómkórsins til ársins 2010.

Nokkrir fulltrúar framboðana í Rangárþingi Eystra eru búnir að koma í heimsókn og kynna sig og sínar stefnur og mánudaginn 2 maí gafst heimilisfólki svo kostur á að kjósa til sveitarstjórnar á Kirkjuhvoli.

Af og til hafa verið haldnar myndlistarsýningar á Kirkjuhvoli og núna eru til sýnis myndir sem nemendur á miðstigi í Hvolsskóla hafa gert í vetur hjá Sigrúnu Jónsdóttur myndmenntakennara. Eins og meðfylgjandi myndir bera með sér þá eru myndirnar fjölbreyttar og skemmtilegar og gleðja heimilismenn og starfsfólk.



Barnvænt samfélag

Innleiðing að Barnvænu sveitarfélagi gengur vel og um þessar mundir er stýrihópurinn að leggja lokahönd á stöðumatið. Stöðumatið er umfangsmikið skref í ferlinu og tekur um það bil eitt ár í vinnslu. Með stöðumati er verið meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins eins og hún er í upphafi verkefnisins. Í ferlinu á sér stað umfangsmikil gagnaöflun. Stýrihópurinn byrjaði á því að fylla út gátlista er varða réttindi barna í sveitarfélaginu. Að því loknu var send út spurningakönnun til nemenda í 5. – 10. bekk, ungmenna sem fædd eru árin 2004 og 2005 og til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Spurningakannanirnar snéru að þekkingu fólks á barnasáttmálanum og um réttindi barna. Í lok október hélt ungmennaráð sveitarfélagsins í samstarfi við stýrihóp Barnvæns samfélags barna- og ungmennanþing. Við fengum leyfi til að halda barnanþing fyrir nemendur í 1. – 6. bekk á skólatíma en ákveðið var að halda ungmennanþing á laugardegi fyrir ungmenni fædd á árunum 2004 – 2008.

Ánægja var á meðal barna og ungmenna með þingin og kom strax upp ósk um að halda slíkt árlega. Það var virkilega ánægjulegt að taka þátt í þessari vinnu og komu fram margar góðar hugmyndir sem sumum hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd. Eins eru niðurstöðurnar dýrmætar í þeirri vinnu sem framundan er.

Næstu skrefin í innleiðingunni eru fræðsla um réttindi barna til barna og ungmenna í sveitarfélaginu og til starfsmanna sveitarfélagsins, þau skref verða stigin í haust.

Þar sem stöðumati er að ljúka verður einnig hægt að hefjast handa við vinnslu aðgerðaráætlunar.

Gyða Björgvinsdóttir
Verkefnastjóri

Kynning á ungmennaráði



Upp á síðkastið hafa verið haldnar vinnustofur fyrir ungmennaráð þeirra sveitarfélaga sem vinna að innleiðingu barnvæns samfélags. Fulltrúar ungmennaráðs Rangárþings eystra, þau Sigurþór Árni Helgason og Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, ásamt Ólafi Erni Oddssyni forstöðumanni Íþrótt- og æskulýðsmála og Gyðu Björgvinsdóttur verkefnastjóra barnvæns samfélags fóru m.a. á vinnustofur á Flúðum. Á vinnustofunum fór fram fræðsla um merkingarbæra þátttöku barna með það að markmiði að valdefla ungmennaráðin í sínum störfum. Að auki gafst meðlimum ungmennaráðanna tækifæri til að kynna hvert öðru og starfi hvers annars. Á sama tíma var boðið upp á hliðstæðan viðburð fyrir umsjónarmenn ungmennaráðanna og verkefnastjóra barnvænna samfélaga. Sigurþór Árni og Sara Jóhanna stóðu sig einstaklega vel í kynningu á ungmennaráði Rangárþings eystra.

Kynning á nýrri menntastefnu Rangárþings eystra



Þann 3. maí sl. var haldin kynning á nýrri menntastefnu Rangárþings eystra í Hvolsskóla. Starfshópur vann að menntastefnunni í vetur undir stjórn Gunnþórs E. Gunnþórssonar, ráðgjafa hjá Ásgarði ráðgjöf. Gunnþór kom og fór yfir helstu þætti stefnunnar og hver næstu skref eru við innleiðingu hennar. Gyða Björgvinsdóttir, verkefnastjóri Barnvæns samfélags í Rangárþingi eystra, kynnti einnig niðurstöður frá barnaþingi Rangárþings eystra sem haldið var í vetur. Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar, var með stutt ávarp um vinnu starfshópsins og gildi þess fyrir skólastig sveitarfélagsins að eiga góða menntastefnu. Barnakór Hvolsskóla kom svo fram og söng nokkur lög undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur. Starfshóp um gerð nýrrar menntastefnu eru þokkuð sín störf sem og fræðslunefnd sveitarfélagsins sem hefur lagt sitt af mörkum til vinnunar.



Gunnþór E. Gunnþórsson, ráðgjafi



Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri

Sjónvarpsstöðin N4 á ferð um Rangárþing eystra

Rangárþing eystra og Sjónvarpsstöðin N4 hafa gert samning sín á milli um að sveitarfélagið taki þátt í gerð sjónvarpsþáttanna *Að sunnan* nú á vormánuðum. Ásthildur Ómarsdóttir, stjórnandi þáttanna, hefur verið á ferð um Rangárþing eystra ásamt myndatökumanni sínum og nú þegar hafa fjögur innslög úr sveitarfélaginu verið sýnd á N4. Það er gaman að fylgjast með því sem er um að vera í okkar landsfjórðungi og þá sérstaklega hjá okkar heimafólki. Nú þegar hafa birst fimm þættir á síðu sjónvarpsstöðvarinnar og von er á fleirum. Hægt er að sjá alla þættina á heimasíðu N4, <https://n4.is/thattur/ad-sunnan>.



HSK mót í sundi og borðtennis

Tvö skemmtileg HSK mót hafa verið haldin á Hvolsvelli síðustu daga, annars vegar aldursflokkamót HSK í sundi og svo HSK mót í borðtennis. Það var gríðarlega góð stemning á báðum mótum enda hefur ekki verið hægt að hittast og keppa í langan tíma vegna aðstæðna í samfélaginu. Þrjú lið sendu lið á sundmótið, Dímon, Hamar og Selfoss og voru keppendur allt frá 6 ára og upp í 18 ára. Þátttakendur frá Dímon stóðu sig frábærlega vel. Héraðsmót í borðtennis var svo haldið þann 5. maí þar sem keppendur frá Dímon, Selfossi, Hamri og Garpi mættu til leiks. Vellir voru settir upp á víð og dreif um íþróttahúsið og svo var spilað í hverju horni og gaman að sjá kappsemina hjá keppendum, sérstaklega hjá yngsta hópnum í 1. og 2. bekk sem að mörg hver hafa ekki æft lengi. Það er virkilega gaman að æfingar og keppnir séu komnar á fullt skrið eftir erfið 2 ár í heimsfaraldri.



Sumaropnun í íþróttamiðstöðinni

Virkir dagar: 06:00 - 21:00

Helgar: 10:00 - 19:00

Íþróttamiðstöðin er samverustaður fjölskyldunnar og hægt er að mæta í opna tíma í salnum eða leigja hluta salarins fyrir t.d. badminton, körfubolta, fótbolta eða bandí, skella sér síðan í sundlauginna, slappa af í heita pottinum og láta líða úr sér í gufunni.




Styrkir úr Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ferðamála, menningar- og viðskiptaráðherra hefur úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2022. Að þessu sinni er úthlutunin rúmlega 584 milljónir króna en hæsti einstaki styrkurinn er 55 milljónir kr. Framkvæmdasjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Að þessu sinni fékk Rangárþing eystra úthlutað rúmunum 7,4 milljónum, hverri krónu sem sótt var um, og er það virkilega ánægjulegt og mikilvægt fyrir ferðamannastaðina okkar. Það er sannarlega gott að fá ríkisstyrk til að byggja upp fleiri staði en þá allra fjölförnustu svo hægt sé að dreifa álaginu. Styrkirnir voru eftirfarandi: **Gluggafoss**. Kr. 1.243.671,- styrkur til að útbúa varanlega stíga austan megin við Gluggafoss þar sem svæðið er mjög blautt, hentistúgar myndast og náttúran liggur undir skemmdum. Mikil slysaþætta verður þegar blautt er í veðri og gestir á svæðinu ganga upp með fossinum og fara fram á ótrausta brún en efri hluti fossins rennur um jarðlög úr móbergi sem molna auðveldlega. Verkefnið snýr að gerð göngustíga og verndun viðkvæmrar náttúru. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og rímar vel við meginmarkmið sjóðsins. **Landeyjasandur**. Kr. 4.512.936,- styrkur til að bæta öryggi ferðamanna og íbúa sem leggja leið sína í Landeyjasand stutt frá Landeyjahöfn. Grindur/mottur verða settar upp við bílastæðið þar sem upplýsinga- og öryggisskilti sem verða sett upp. Á upplýsingaskilti verður sýnd vegalengd að skipsflakinu sem er að finna í sandinum 1,22 km frá bílastæðinu og þá vá sem ber að varast á sandinum.

Skilti sem bendir á hættur þarf líka að vera við inngang í sandfjöruna frá þjónustumiðstöð í Landeyjahöfn. Háspennustrengir liggja í sandinum og nauðsynlegt er að setja upp viðvörnaraskilti um þetta á íslensku og ensku. Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættu öryggi á varasömum slóðum auk annarra mikilvægra þátta. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins. **Efra-Hvolshellar**. Kr. 1.655.186,- styrkur til að afmarka svæðið betur sem og setja upp öryggis- og upplýsingaskilti í samvinnu við Kötlu jarðvang. Laga þarf stíginn frá bílastæðinu og að tröppunum niður að hellunum sem og setja nýtt hlið á leiðina sem að þjónustar bæði þeim sem heimsækja svæðið sem og landeigendum sem nýta hluta leiðarinnar sem beitarnland. Tröppurnar eru orðnar eyddar og öryggi er ábótavant þar sem að þær verða verulega sleipar og eru mjög brattar. Niðri við hellana þarf að setja upp jarðvangsskilti sem að fer yfir öryggismál inni í hellunum. Verkefnið lýtur að nokkrum mikilvægum áherslum sjóðsins. Það bætir grunnþjónustu og öryggi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

Ennfremur var það afar ánægjulegt að Katla jarðvangur fékk þriðja hæsta styrkinn sem veittur var að þessu sinni en jarðvangurinn fékk rúmlega 35,8 milljónir til að útbúa nýjan útsýnisstíg vegna Eyjafjallagossins. Styrkurinn fæst til að klára að hanna og deiliskipuleggja og síðan framkvæma stíg ásamt útsýnishól þar sem umfjöllun Eyjafjallagossins verður gerð góð skil. Verkefnið er sérstaklega brýnt vegna öryggissjónarmiða ferðamanna.



EKKO stefna Rangárþings eystra

Á dögnum samþykkti sveitarstjórn EKKO stefnu Rangárþings eystra en stefnan hefur verið unnin í samstarfi forstöðumanna innan sveitarfélagsins og ráðgjafafyrirtækisins Auðnast. EKKO stefna er forvarna- og viðbragðsáætlun sveitarfélagsins vegna eineltis, kynbundins áreitni, kynferðislegra áreitni eða ofbeldis á vinnustöðum sveitarfélagsins. Þessi málaflokkur er virkilega mikilvægur og nú þegar stefnan hefur verið samþykkt verður hún í framhaldinu kynnt fyrir öllu starfsfólki sveitarfélagsins.

Minjastofnun í heimsókn að Hamragörðum



Síðastliðin ár hefur Rangárþing eystra fengið styrki úr Húsfriðunarsjóð til endurgerðar og í raun til að varna skemmdum á gamla bænum á Hamragörðum. Gamli bærinn og byggingarnar við hann eru sannarlega tákmynd svæðisins og það er metnaður sveitarfélagsins að halda honum við og því hefur verið sótt um þessa styrki. Til að kynna sér húsakostinn og þær viðgerðir og viðhald sem fram hafa farið komu þeir Pétur Ármannsson, sviðsstjóri hjá Minjastofnun og Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands í heimsókn í apríl sl. Þau Árný Lára, markaðs- og kynningarfulltrúi, Guðrún Björk, garðyrkjustjóri og Þorsteinn Jónsson, garðyrkjuverktaki, tóku á móti gestunum fyrir hönd sveitarfélagsins. Þorsteinn hefur komið að þeim endurbótum sem fram hafa farið bæði með því að stýra hópi starfsmanna í vinnuskóla sem og sjálfur hlaðið veggi og undirstöður, málað húsakostinn að utan og unnið að húsunum að innan. Þeir Pétur og Uggi voru sammála um að það væri mikilvægt að vinna að því að endurbyggja húsinn því þær væru merkar minjar um búsetu fyrri ára. Húsnæðið gæti svo síðar meir verið nýtt sem safn eða setur enda fjöldi gesta sem heimsækir svæðið á hverju ári.



Vorúthlutun úr Menningarsjóð Rangárþings eystra

Menningarnefnd auglýsti eftir umsóknum um styrki í Menningarsjóð Rangárþings eystra í mars síðastliðnum og bárust átta virkilega góðar umsóknir í sjóðinn að þessu sinni að upphæð 6.060.000 krónum. Menningarsjóður hefur til umráða tvær milljónir sem hægt er að úthluta í tveimur úthlutunum að vori og hausti. Það var því ekki hægt að styrkja öll verkefni sem sótt var um að þessu sinni og beið Menningarnefnd erfitt verkefni að velja á milli þeirra en reglur um úthlutun úr sjóðnum má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni voru:

Barnakór Hvolsskóla fyrir Afmælistónleika í tilefni af 25 ára starfsafmæli kórsins: 160.000 kr.

Chrissie Thelma Guðmundsdóttir fyrir lokatónleika Fiðlufjörs 2022: 370.000 kr.

Áhugamannafélag um Jazz undir fjöllum fyrir jazzhátíðina Jazz undir fjöllum 2022: 300.000 kr.

Ljósmyndaklúbburinn 860+ fyrir útiljósmyndasýningu á miðbæjartúninu: 300.000